

**Nd. 832. Frumvarp til laga**

um framboð og kjör forseta Íslands.

(Eftir 2. uorr. í Nd.)

1. gr.

Við kjör forseta Íslands skal fara eftir gildandi kjörskráum yfir alþingiskjösendur.

2. gr.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

3. gr.

Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hluffalli við kjösendatölu þar.

4. gr.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áðurnefnd skjöl.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsending þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.

6. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda hans.

Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosninu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

8. gr.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

9. gr.

Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

11. gr.

Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.

12. gr.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættis, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.

13. gr.

Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

14. gr.

Ákvæði 134. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Kærur um ólögmati forsetakjörs, aðrar en refsikærur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.